


Nesið, þróun til vesturs



Drög :

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2000 - 2040

Vinnuhópur Samtaka um betri byggð - febrúar 2000

Samtök um betri byggð, Laugavegi 51, 101 Reykjavík - www2.islandia.is/betribyggd

Efnisyfirlit:

1. Inngangur	bls. 01
1.0 Almennt	
1.1 Þróun mannfjölda	
1.2 Staða byggðar árið 2000	
1.3 Samgöngur og þjónusta árið 2000	
1.4 Nesið árið 2000	
1.5 Miðborgin árið 2000	
2. Tilgangur	bls. 04
3. Markmið og leiðir	bls. 04
4. Forsendur	bls. 07
4.0 Almennt	
4.1 Íbúar	
4.2 Atvinna	
4.3 Byggð	
4.4 Samgöngur á landi	
4.5 Flugsamgöngur	
4.6 Hafnir	
4.7 Landþörf	
4.8 Búseta – störf – landþörf	
5. Tillaga BB – Nesið, þróun til vesturs	bls. 11
5.0 Almennt	
5.1 Tillaga til 2040	
5.2 Tillaga til 2020	
6. Framtíðarsýn	bls. 14
7. Skýringar	bls. 14
7.0 Þéttleiki byggðar	
7.1 Sjálfbær þróun byggðar	
7.2 Blönduð byggð	
8. Heimildir	bls. 15
9. Fyrirvarar	bls. 16

Viðauki I: Miðborgarbyggð í Vatnsmýri

Viðauki II: Staðarval fyrir flugvöll ...

Reykjavík í febrúar 2000, vinnuhópur Samtaka um betri byggð

Ritstjórn og ábyrgð: Örn Sigurðsson Fjólugötu 23, 551 0683/699 6683–arkorn@islandia.is
Öll réttindi áskilin en takmörkuð afritun og dreifing er leyfileg ef heimildar er getið
© 2000, Samtök um betri byggð, Laugavegi 51, 101 Rek. – www2.islandia.is/betribyggd

Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2000 - 2040

Tillaga BB – Nesið, þróun til vesturs

1. Inngangur

1.0 Almenn

Árið 1999 hófst vinna við gerð svæðisskipulags á vegum samstarfsnefndar 8 sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt ákvæðum 12.-15. gr. skipulags- og byggingarlaga frá 28. maí 1997 (73/1997). Samstarfsnefndin og sérfræðingar hennar hafa í vinnu sinni kosið að einbeita sér að lausnum þar sem megináhersla er á uppbyggingu og framtíðarþróun byggðar á ósnortnu landi austan Elliðaána.

Samtök um betri byggð telja að vanda byggðarinnar sé að finna á nesinu vestan Elliðaána og að þar sé jafnframt vaxtarbroddur höfuðborgarinnar á nýrri öld. Samtökin leggja því fram eftirfarandi drög að svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Þar er fjallað um uppbyggingu á Norður-, Austur- og Suðursvæði með almennum hætti en megináhersla lögð á þróun byggðar á Nesinu.

Samtökin fara þá leið að gera fyrst tillögu til ársins 2040 með framtíðarsýn til enn lengri tíma og vinna síðan til baka í tíma að fyrsta áfanganum, tillögu til ársins 2020. Þannig er mótuð stefna til langs tíma. Samtökin telja ávinning af þessu verklagi, því líkur aukast á hnökralausri þróun eftir að hefðbundnu 20 ára skipulagstímabili lýkur. Þetta verklag kemur ekki í stað reglubundinnar endurskoðunar skipulagsáætlana.

1.1 Þróun mannfjölda

Á öldinni sem er að líða hefur íbúafjöldi í Reykjavík nærri tuttugu faldast. Árið 1900 voru íbúar Reykjavíkur 5600 og íbúar Hafnarfjarðar um 600. Árið 2000 eru íbúar höfuðborgarsvæðisins um 168.000. 108.400 búa í Reykjavík, þar af 67.000 á nesinu vestan Elliðaána. Í Kópavogi búa 21.400, 18.600 í Hafnarfirði, 7.900 í Garðabæ, 5.500 í Mosfellsbæ, 4.700 á Seltjarnarnesi, 1.400 í Bessastaðahreppi og 140 í Kjósarhreppi. Íbúar höfuðborgarsvæðisins verða líklega um 220.000 árið 2020 og yfir 300.000 um miðja öldina.

1.2 Staða byggðar árið 2000

Höfuðborgarsvæðið er ein efnahagsleg heild. Byggðin þar er nærri samfelld en slitrótt frá Mosfellsbæ í norðri til Hafnarfjarðar í suðri og er vegalengdin röskir 20 km. Byggð þekur nú um 6.000 hektara lands og er þéttleiki hennar um 27 íbúar á hektara (nettó þéttleiki). Sé reiknað með opnum og óbyggðum svæðum, sem lengja leiðir og ferðatíma innan byggðarinnar er þéttleiki verulega minni eða um 15/ha (brúttó þéttleiki). Byggilegt land á höfuðborgarsvæðinu verður með óbreyttri skipulagsstefnu uppurið eftir u.þ.b. 25 ár. Byggðin er andstæð hugmyndum um sjálfbæra þróun.

Þéttleiki byggðar í Reykjavík 1940 var um 170/ha. Með byggingu flugvallar í Vatnsmýri 1941 urðu þáttaskil. Byggð í Reykjavík þekur nú um 4.000 ha og er þéttleiki hennar um 28/ha (nettó þéttleiki). Sé reiknað með opnum og óbyggðum svæðum, sem lengja leiðir og ferðatíma innan byggðarinnar er þéttleiki verulega minni og verður undir 20/ha þegar fyrirhuguð nýbyggingarsvæði byggjast (brúttó þéttleiki). Austan Elliðaána búa um 41.000 Reykvíkingar á 1.800 ha. lands og er þéttleiki þar um 23/ha. Talið er að byggilegt land í Reykjavík, að undanskildu landi á Kjalarnesi og Álfsnesi, verði með óbreyttri skipulagsstefnu uppurið fyrir 2016.

Þegar fjallað er um þéttleika í þessari greinargerð er átt við brúttó þéttleika, nema annað sé tekið fram. Í kafla 7 er fjallað nánar um þéttleika byggðar.

1.3 Samgöngur og þjónusta árið 2000

Samskipti innan byggðarinnar byggja á einkabílaakstri og miðar öll uppbygging þjónustu við það. Þjónustukjarnar eru fáir og flestir íbúar búa utan göngufjarlægðar. Kerfi “kaupmannsins á horninu” er hrunið en það var ein af stöðunum undir skipulagi víða á svæðinu. Gatnakerfið mótast af mikilli dreifingu byggðar, flokkun gatna og landnýtingarflokkun skipulagsins (Zoning) og er óskilvirkt, einkum á nesinu. Almenningsamgöngur eru lakar enda ekki grundvöllur fyrir rekstri þeirra í svo strjálri byggð.

1.4 Nesið árið 2000

Nú eru um 67 þúsund íbúar á 2.150 ha lands á nesinu, vestan Elliðaána, og er þéttleiki þar 31/ha. Vestan Kringlumýrarbrautar eru 35 þúsund íbúar á 1130 ha. Íbúum á nesinu mun fækka verulega á næstu árum verði ekkert aðhafst. Í heild hefur ríkt þar stöðnun í nokkra áratugi.

Byggð hefði þróast með öðrum hætti í Reykjavík án tilkomu flugvallarins í Vatnsmýrir því líklega byggju flestir, sem nú búa á

höfuðborgarsvæðinu, í myndarlegri borg vestan Elliðaána með þéttleika á við borgir í Norður-Evrópu, með heilsteypu samgöngukerfi, vönduðu opinberu rými og öðru því sem prýða má heilbrigða höfuðborg.

En reyndin varð önnur. Eftir stríð þróaðist byggð þar hratt og óskipulega. Hverfi risu eitt af öðru sem sérstæðar einingar án þess t.d. að fullnægjandi samgöngukerfi næði að mótast. Gatnakerfið á nesinu er gallað og stendur þróun svæðisins fyrir þrifum. Byggðin er þunn og einkennalítill, gæðum gatna og torga er ábótavant og miðborgin varla sýnileg.

Þessir 5 – 6 áratugir eru tímabil glataðra tækifæra í sögu höfuðborgarinnar. Yfirvöld stóðu ráðþrota gagnvart yfirþyrmandi vandamálum af staðsetningu flugvallar í Vatnsmýri. Í stríðslok sneru þau baki við vandamálum eldri borgarhluta og skildu þá eftir án nothæfrar forsagnar um endurnýjun og uppbyggingu en sólunduðu þess í stað dýrmætu byggingarlandi Reykjavíkur á báðar hendur án endurgjalds.

Reykjavík er ein af dreifbýlustu höfuðborgum heims. Íbúum á hvern hektara hefur fækkað mjög á undanförunum áratugum og með óbreyttri skipulagsstefnu heldur sú þróun áfram. Sé beitt hefðbundnum viðmiðum um eiginleika og gæði borga verður ljóst að með auknum fjölda íbúa fjarlægist höfuðborg Íslands stöðu raunverulegrar borgar.

1.5 Miðborgin árið 2000

Miðborg Reykjavíkur hefur hnignað jafnt og þétt frá því flugrekstur hófst í Vatnsmýri. Miðborgarsvæðið hefur á hálfri öld gengið í gegnum hvert hrörnunarstigið af öðru. Þetta hrörnunarferli heils borgarhluta er vel þekkt í borgum um allan heim og stafar af skyndilegum innri breytingum eða af breytti stöðu og umhverfi borgarhlutans í byggðinni.

Gengi miðborgarinnar var í einni svipan fellt þegar eðlilegt bakland og útvíkkunarsvæði hennar í Vatnsmýri var lagt undir flugvöll. Þar við bættust slysaætta, mengun og verulegar skorður við byggingu mannvirkja.

Skortur á markvissu skipulagi og viðeigandi stjórnækjum hefur löngum háð miðborginni og sinnuleysi ríkisvaldsins gagnvart höfuðborgar- og stjórnsýsluhlutverki hennar er íþyngjandi. Verst eru þó bein og óbein afskipti samgönguráðuneytis af skipulagsmálum höfuðborgarinnar.

Töluverðu fé hefur verið varið til fegrunar gatna og torga í miðborginni og margir ráðamenn trúðu því að Eyjólfur væri að hressast. En öllum má nú ljóst vera að sú andlitsförðun hefur ekki dugað og einna helst flýtt fyrir hnignun hennar enda er sjálf meinsemdin enn til staðar.

2. Tilgangur

Stöðnun og afturför byggðar í vesturhluta borgarinnar er komin á alvarlegt stig. Byggðinni mun enn hraka verði ekki brugðist við með afgerandi hætti. Sé öll áhersla lögð á uppbyggingu austan Elliðaáa næstu 20 ár verður hnignun byggðar á nesinu óstöðvandi og hlýst af óbætanlegt tjón.

Þá glatast einstakt tækifæri til að snúa við öfugþróun s.l. 60 ára og leggja hornstein að menningarlegri og skilvirkri borg 21. aldar á höfuðborgarsvæðinu. Ella verður til þunn og óskilvirk línubýggð, sem aldrei mun hafa burði til að keppa við sambærileg svæði í öðrum löndum um þekkingu, fjármagn, vel menntað starfsfólk og ferðamenn.

Íbúar og starfsemi munu flytja af nesinu, fyrst einkarekstur en opinber stjórnsýsla í kjölfarið. Þannig mun höfuðborgin í reynd flytjast austur fyrir Elliðaár til þess eins að rýma til fyrir flugvelli, sem ekki má hrófla við, og byggðin á nesinu mun endanlega breytast í úthverfi af því tagi, sem hæfir nágrenni flugvallar. Nýr atgerfisflótti mun hefjast á Íslandi, í þetta sinn til útlanda.

Tilgangur með tillögu, sem kynnt er í kafla 5, er að sporna gegn rösklega hálftrar aldar öfugþróun í byggðarmálum höfuðborgarsvæðisins, að sporna gegn niðurníðslu miðborgarsvæðisins, að stuðla að framtíðaruppbyggingu menningarlegrar miðborgar þar, með góðum þróunarmöguleikum til allra átta, að vekja athygli á valkosti í þróun byggðar, sem munu best gagnast höfuðborgarsvæðinu í bráð og lengd, að efla byggð á nesinu næstu áratugi svo þar verði krafmikill kjarni nýrrar borgar þegar byggð þróast til norðurs og suðurs, austan Elliðaáa, að stuðla að breyttri landnotkun í Vatnsmýri, að innleiða lýðræðisleg viðhorf og verklag við gerð skipulags.

3. Markmið og leiðir

Fjallað er sameiginlega um markmið og leiðir. Markmiðin eru feitletruð en útskýringar og leiðir eru í inndregnum texta. Reynt er að útskýra jafnóðum hvað átt er við með hverju markmiði fyrir sig. Upptalningunni hér að neðan er ætlað að auðvelda skilning á sjálfri svæðisskipulagstillögunni, sem birt er í kafla 5. Helstu markmið og leiðir við gerð þessarar tillögu eru:

Að skapa samhæfða heildarsýn til framtíðar fyrir höfuðborgarsvæðið

- svæðis- og aðalskipulag verði e.k. "stjórnarskrá" svæðisins
- tryggð verði til langs tíma festa og stöðugleiki í þróun byggðarinnar
- hverri 20 ára skipulagsáætlun fylgi rammaskipulag þarnaustu 20 ára

Að stuðla að vönduðum vinnubrögðum við gerð alls skipulags

- tryggja að skipulagið sé á undan eftirspurninni en ekki á eftir
- tryggja almannahagsmuni og sérhagsmuni eins og við á hverju sinni
- efla lýðræðisleg vinnubrögð og stuðla að beinni þátttöku almennings
- innleiða byggðarhönnun – “*Urban Design*”

Að þróa sjálfbæra og skilvirka byggð fyrir íbúa og atvinnurekstur

- þetta byggðina
 - * endurnýta byggingar, lóðir og svæði innan byggðarinnar
 - * fullnýta svæði á mörkum sveitarfélaga miðað við landslag
 - * nýta götustæði og helgunarsvæði stofnbrauta (niðurtekt)
 - * endurhæfa eldri byggð með góðri hönnun og meiri nýtingu
 - * endurvinna skipulag: hærri nýting
 - * auka nýtingu almennt, einkum á miðsvæðum
- stuðla að blöndun landnotkunar
 - * starfsemi á jarðhæðum, íbúðir á efri hæðum, betri nýting
- draga úr þörf fyrir einkabílaakstur
 - * bæta skilyrði almenningssamgangna
 - * bæta skilyrði gangandi og hjólandi umferðar
 - * torvelða gegnumakstur á miðsvæðum og hækka stæðagjöld
- auka gæði byggðarinnar
 - * heilsteyptar götumyndir og torg
 - * listræn hönnun og vandaðar byggingar
 - * fjölbreyttar gönguleiðir og útivistarsvæði
 - * fjölbreytilegt framboð þjónustu, afþreyingar og menningar

Að bæta samkeppnisstöðu við sambærileg svæði í öðrum löndum

- bæta skilyrði ferðaþjónustu
 - * bæta aðstöðu flugrekstrar
 - * bæta aðstöðu farþegasiglinga
 - * auka veg menningarlegrar höfuðborgar
 - * “gera út” á hreint Norður-Atlantshaf
 - * samræma samgöngur á landi, sjó og í lofti
- bæta skilyrði hátækniiðnaðar
 - * þekkingarþorp og tæknigarðar við HÍ og aðra háskóla
- bæta skilyrði tölvu-, samskipta- og þekkingariðnaðar
 - * menningarleg miðborg, m.a. fyrir höfuðstöðvar fyrirtækja

Að efla byggðina á nésinu vestan Elliðaána

- fjölga íbúum á nésinu um 33 þúsund til ársins 2020
- fjölga íbúum á nésinu um samtals 68 þúsund til ársins 2040
- þetta þar byggð og skapa t.d. skilyrði fyrir almenningssamgöngur
- auka gæði hins opinbera rýmis

- bæta stofnbrautakerfin og gatnatengsl milli hverfa
- ná jafnvægi í búsetu og störfum árið 2040
- bæta stöðu miðborgarinnar

Að efla menningarlega miðborg í Reykjavík

- auka svigrúm og þróunarmöguleika miðborgarbyggðar til framtíðar
 - * þétt og blönduð miðborgar- og íbúðabyggð í Vatnsmýri
 - * blönduð miðborgar- og íbúðabyggð við gömlu höfnina
 - * blönduð miðborgar- og íbúðabyggð í Akurey
 - * þétt og blönduð miðborgar- og íbúðabyggð við Sæbraut
 - * færa út mörk miðborgarsvæðis m.v. framtíðarþarfir
 - * skilgreina stórt jaðarsvæði miðborgar m.v. framtíðarþarfir
- aflétta íþyngjandi ytri takmörkunum
 - * hætta öllu flugi yfir svæðinu
 - * tengja miðborgina og gömlu höfnina
- draga úr gegnumakstri og óþarfri einkabílaumferð í miðborginni
 - * stýra framboði á bílastæðum
 - * hærri bílastæðagjöld
 - * langsóttar akstursleiðir
- bæta almenningssamgöngur á miðborgarsvæðinu
 - * m.a. góðar samgöngur við bílastæði á jöðrum miðborgar
 - * samgöngur með hárri ferðatíðni um þvert og endilangt svæðið
- bæta almenningssamgöngur við miðborgarsvæðið
 - * há ferðatíðni
 - * tengsl við innri samgöngur
 - * tengsl við ytri samgöngur (*“Park and ride”*) á jaðarsvæðum
 - * góð bið- og skiptiaðstaða
 - * hraðferðir
 - * góð aðstaða fyrir leigubíla
- styrkja stöðu gangandi og hjólandi umferðar
 - * fjölga göngugötum, reiðhjólabrautum og vistsvæðum
 - * mynda skjól fyrir veðri og vindum
- auka vægi skipulags og hönnunar, byggðarhönnun (*“UrbanDesign”*)
 - * betra skipulag og hönnun = vandað umhverfi + meiri nýting
 - * auka veg hönnunarsamkeppna
- bæta skilyrði akandi umferðar að jöðrum miðborgarsvæðis
 - * greiðari aðkoma um stofnbrauta- og gatnakerfi
 - * næg bílastæði á jaðarsvæði, lægri stæðagjöld
 - * góð tenging við innri almenningssamgöngur miðborgar
- efla blandaða íbúðabyggð á og við miðborgarsvæðið
 - * betri nýting lands, fjölbreyttari þjónusta, öflugra samfélag

- stuðla að vandaðri endurhæfingu eldri hverfa
- * gott skipulag og hönnun = aukin nýting = aukin eftirspurn
- * auknar kröfur til skipulags, hönnunar og viðhalds

Að efla miðbæi allra sveitarfélaga og menningarleg sérkenni þeirra

- draga fram kosti hverrar byggðar
- * að beita ámóta aðferðum og í miðborg Reykjavíkur

Að stula að auknum gæðum byggðarinnar og betra borgarsamfélagi

- gera auknar kröfur til skipulags, hönnunar, viðhalds og endurnýjunar

Að draga úr sóun ósnortins lands

- styrkja jaðra byggðarinnar
- efla skógrækt og skjólbeltagerð utan byggðarinnar – grænt belti
- skipuleggja byggð miðað við staðhætti fremur en mörk sveitarfélaga
- fullnýta svæði á mörkum sveitarfélaga
- að ganga ekki á ósnortið land nema aðrar leiðir séu fullreynðar

Að skapa jafnvægi á milli búsetu og starfa á hverju svæði

- fullu jafnvægi verði náð á öllum undirsvæðum fyrir árið 2040

Að bæta samgöngur innan svæðisins

- nýjar og endurbættar stofnbrautir
- lagfærð gatnakerfi og bætt tengsl milli hverfa fyrir alla umferð
- áhersla á almenningssamgöngur
- bætt aðstaða fyrir gangandi vegfarendur
- samhæfing
- flestir borgarþúar aka, ganga og nota almenningssamgöngur
- bætt aðstaða fyrir leigubíla
- nýir samgöngumáttar

raf- og vetnisvagnar, sérstakar akreinar, sporvagnar o.s.fr.v.

Að bæta samgöngur á landi, sjó og í lofti við aðra landshluta og lönd

- bætt aðstaða fyrir flugrekstur á höfuðborgarsvæðinu
- bætt og aukin hafnaraðstaða fyrir ferjur, farþega- og skemmtiskip
- samhæfðar umferðarmiðstöðvar

4. Forsendur

4.0 Almenn

Meginforsenda tillögunnar er að byggð á nesinu verði eflað á skipulagstímabilinu og að staða miðborgar Reykjavíkur verði tryggð svo nesið og núverandi suður-svæði myndi virkan kjarna í borg framtíðarinnar eftir 2040. Ekki er tiltekið nákvæmlega hvar og hvernig byggðin þróast á hverju hinna þriggja svæðanna austan Elliðaána umfram almennar forsendur í greinum 4.1 – 4.8.

4.1 Íbúar og búseta

Reiknað er með að íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgi úr 165 þús. árið 2000 í 220 þúsund árið 2020 og í 270 þúsund árið 2040. Í þessari tillögu er miðað við að hugsanlegar breytingar á fjölskyldustærð (fækkun í 2,2 íbúa í íbúð til 2020) jafnist að fullu út í núverandi byggð við þéttingu og endurhæfingu hverfanna sjálfra á skipulagstímanum. Reiknað er með verkaskiptingu á milli sveitarfélaganna. Þannig getur svæðið í heild boðið upp á sem mesta fjölbreytni í íbúðagerðum.

4.2 Atvinna

Tillagan gerir ráð fyrir að störfum á höfuðborgarsvæðinu fjölgi úr 98 þús. árið 2000 í 132 þúsund árið 2020 og í 162 þúsund árið 2040. Í þessari tillögu er miðað við að hugsanleg aukning gólfplatara fyrir hvert starf jafnist að fullu út í núverandi byggð við þéttingu og endurhæfingu hverfanna sjálfra á skipulagstímanum.

Gert er ráð fyrir að náð verði fullu jafnvægi á milli búsetu og starfa á höfuðborgarsvæðinu árið 2040, þó þannig að á neginu verði famvegis um 10% umfram framboð starfa vegna sérstaks stjórnsýsluhlutverks þess.

Í tillögunni er einkum reiknað með störfum í stjórnsýslu og þjónustu í blandaðri byggð í miðborg Reykjavíkur og í miðbæjum annarra sveitarfélaga. Aukinni landþörf fyrir iðnað, athafnasvæði og hafnsækna starfsemi verði að mestu mætt utan nessim og síðar við nýja hafskipahöfn við Engey og Akurey.

4.3 Byggð

Tillagan gerir ráð fyrir verulega þéttari byggð í og við miðborg Reykjavíkur og þéttari byggð í miðbæjum annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Á öðrum svæðum gerir hún einnig ráð fyrir þéttari byggð (85 íbúar/ha eða 30-40 íbúðir/ha) en nú tíðkast, aukinni blöndun búsetu, þjónustu og starfa og betri nýtingu lands (t.d. á mörkum sveitarfélaga).

Mikilvæg forsenda er að skipulag, sem ekki er komið til framkvæmda, sé endurskoðað með þéttingu byggðar að leiðarljósi. Því er litið á slík svæði sem óbyggð væru.

4.4 Samgöngur á landi

Stórfelldar endurbætur á stofnbrautakerfi á og að neginu eru forsendur þess að unnt sé að fjölga íbúum vestan Elliðaána um helming á skipulags-

tímabilinu (til ársins 2040). Tillagan gerir ráð fyrir að gatnakerfi nýrrar miðborgarbyggðar verði að mestu “óflokkað” en bjóði upp á margar jafngóðar tengingar við stofnbrautir og eldri byggð.

4.5 *Flugsamgöngur*

Í viðauka II eru lögð drög að samanburði á 10 stöðum fyrir framtíðarflugvöll höfuðborgarinnar. Þó í þessari tillögu sé sýndur flugvöllur við Engey í tengslum við nýja stórskipahöfn hefur annað staðarval (nema Vatnsmýri !) fyrir flugvöll hins vegar engin áhrif á eðli og innihald tillögunnar að öðru leyti.

4.6 *Hafnir*

Í tillögunni er reiknað með nýrri stórskipahöfn við Engey, Akurey og Örfirisey, sem getur tekið við allri núverandi hafnarstarfsemi í Reykjavík og öllum viðbótarþörfum svæðisins á fyrri helmingi 21. aldar fyrir hafnsækna starfsemi.

Tillagan gerir ráð fyrir að stór athafnasvæði og önnur landfrek, mengandi og hættuleg starfsemi verði ekki á nesinu þegar fram í sækir, enda líklegt að hátt lóðaverð og eðlileg markaðsöfl ein og sér ráði slíkri þróun.

4.7 *Landþörf*

Ein af forsendum þessarar tillögu er að ósnortnu landi verði ekki sóað. Til skamms tíma var landi útdeilt ókeypis á höfuðborgarsvæðinu og er það ein af meginástæðum þess hve strjál byggðin er og landið illa nýtt. Fyrirsjáanlegt er að byggilegt land á höfuðborgarsvæðinu muni, með óbreyttri skipulagsstefnu, ganga til þurrðar á skömmum tíma og nú fæst land ekki lengur gefins á svæðinu.

Umhverfisleg, félagsleg og menningarleg gæði strjállar borgarbyggðar eru oftast lakari en sambærileg gæði í þéttari byggð. Stjál byggð er hins vegar alltaf dýrari í uppbyggingu og rekstri og því er landþörf byggðarinnar í þessari tillögu leyst eins og kostur er með endurnýtingu lands, með betri nýtingu lands á milli byggðra svæða og á mörkum sveitarfélaga, endurnýjun og þéttingu í eldri byggð, með nýtingu vegastæða og helgunarsvæða gatna, sem settar eru í göng og með landfyllingum.

4.8 Tafla: Búseta - störf - landþörf
Svæðisskipulag 2000-2040 tillaga BB: Nesið, þróun til vesturs

Íbúar		2000	%	2020	%	2040	%
I	Nes	66.900	41	100.000	45	135.000	50
II	Norður	18.100	11	22.500	10	25.500	9
III	Austur	31.300	19	38.500	18	42.500	16
IV	Suður	47.900	29	59.000	27	67.000	25
Samtals íbúar		164.200	100	220.000	100	270.000	100

Störf		2000	%	2020	%	2040	%
I	Nes	62.400	64	79.200	60	90.000	56
II	Norður	2.500	2	6.600	5	13.000	8
III	Austur	11.800	12	17.200	13	23.000	14
IV	Suður	21.300	22	29.000	22	36.000	22
Samtals störf		98.000	100	132.000	100	162.000	100

Hlutfall: íbúar / störf		2000	%	2020	%	2040	%
I	Nes	+22.500	+56	+19.200	+32	+9.000	+11
II	Norður	-8.300	-77	-6.800	-51	-2.240	-15
III	Austur	-6.900	-37	-5.900	-26	-2.500	-10
IV	Suður	-7.300	-25	-6.400	-18	-4.200	-10

Breytingar - íbúar		2000-2020		2020 - 2040	
I	Nes	33.100 íbúar		35.000 íbúar	
	Vatnsmýri	10.000	55ha (180/ha)	10.000	55ha (180 /ha)
	Sæbraut	4.000	<5ha	4.000	<5ha
	Akurey	15.000	125ha (120/ha)	15.000	125ha (120/ha)
	Þétting	4.100		6.000	
II	Norður	4.400	70ha (85/ha)	3.000	35ha (85/ha)
III	Austur	7.200	85ha (85/ha)	4.000	50ha (85/ha)
IV	Suður	11.100	130ha (85/ha)	8.000	95ha (85/ha)
Samtals		55.800	470ha	50.000	365ha

Breytingar - störf		2000 – 2020		2020 – 2040	
I	Nes	16.800 störf		11.000 störf	
	Vatnsmýri	2.000 bl.+2.000x120=24ha		2.000 bl.+2.000x120fm=24ha	
	Sæbraut	1.000 bl. <5ha		1.000 bl. <5ha	
	Akurey	2.000 bl.+7.500x150=112ha		1.000 bl.+4.000x150=60ha	
	Þétting	1.000 bl.+1.300sér.		500 bl.+500sér.	
II	Norður	4.100x150=62ha		6.400x150=96ha	
III	Austur	5.400x150=81ha		5.800x150=87ha	
IV	Suður	7.700x150=116ha		7.000x150=105ha	
Samtals		34.000	405ha	30.000	382ha

* Gert er ráð fyrir að fækkun í 2,2 íbúa í íbúð og aukin gólfflatarþörf nýrra starfa í núverandi byggð jafnist út á móti endurhæfingu í byggðinni sjálfri. Því er í tillögunni einungis leitað byggðarsvæða fyrir nettó fjölgun íbúa og starfa. Gert er ráð fyrir aukinni blöndun landnotkunar og betra jafnvægi búsetu og starfa.

** Þétting í núverandi byggð: Þétting I: Endurhæfing eldri hverfa (sbr. framansagt er ekki reiknað með þessari þéttingu þegar leitað er svæða fyrir nýja íbúa og störf). Þétting II: Svæði tekin til nýrra nota, t.d. gamla höfnin, Skeifan, Ártúnshöfði og önnur iðnaðarsvæði. Ath! Vatnsmýri er hér talin nýbyggingarsvæði. Þétting III: Byggt yfir stofnbrautir og helgunarsvæði þeirra. *** Gert er ráð fyrir að til 2020 verði ytri mörk núverandi byggðar ekki færð út, byggt verði verulega þétt á miðsvæðum og stefnt að a.m.k. 30 íbúðum á hektara annars staðar. Skipulag, sem ekki er komið til framkvæmda, verði endurskoðað með þéttingu að leiðarljósi. **** Reiknað er með 15% viðbót við flatarþörf fyrir óskilgreind opin svæði.

5. Tillaga BB – Nesið, þróun til vesturs

5.0 Almenn

Tillagan gerir ráð fyrir því að til ársins 2040 verði megináhersla lögð á að styrkja byggð á neginu. Eftir 2040 verði byggðin á höfuðborgarsvæðinu í fullkomnu jafnvægi með tilliti til búsetu, starfa, þjónustu og samgangna. Þá standi fjórar raunhæfar vaxtarstefnur til boða, til norðurs, austurs, suðurs og til vesturs á landfyllingum á grunnsævi við Seltjarnarnes, Álftanes og í Skerjafirði. Tillagan miðar við að núverandi suður-svæði verði, ásamt neginu, miðkjarni í framtíðarborg, sem getur þróast til allra átta eftir 2040.

Verulegar endurbætur og nýframkvæmdir í stofnbrautakerfinu eru forsendur fyrir þessari þróun byggðarinnar. Hæst ber nýja austur-vestur braut um sunnanvert nesið (Fossvogsbraut, Hlíðarfótur, Ægissíða), breikkun Sæbrautar í 2x3 akreinar og tenging norðan Vesturhafnar að Akurey, ýmsar endurbætur á Miklubraut/Hringbraut, tenging frá Álftanesi yfir Skerjafjörð að Suðurgötu og tenging suður yfir Fossvog að Kópavogshöfn og þaðan að Bessastaðanesi og Garðabæ við Hraunsholt. Líklega má fresta síðari áföngum Sundabrautar til loka skipulagstímabilsins (2030-2040).

Vegna aukins þéttleika byggðar og annarra ráðstafanna til að draga úr fýsileika og þörf á einkabílaakstri er ljóst að heildarumfang nauðsynlegra umferðarmannvirkja verður verulega minna en annars yrði ef sama mannfjöldi, um 68 þúsund nýjum íbúum, væri komið fyrir á dreifðum svæðum með minni þéttleika á jöðrum höfuðborgarsvæðisins.

Hver lengdareining í ofangreindum umferðarmannvirkjum er kostnaðarsöm í uppbyggingu. Kerfið í heild er hins vegar verulega umfangsminna en ella og hagkvæmara í rekstri. Þar sem stofnbrautir eru teknar undir þetta byggð má greiða umframkostnað við stokka og göng með ábata af betri landnýtingu.

Tillagan gerir ráð fyrir nýrri stórskipahöfn á milli Örfirseyjar, Akureyjar og Engeyjar. Vegtenging er í fyrstu um botngöng eða vegfyllingu og lyftubrú í framhaldi af Kringlumýrarbraut. Þegar þessi höfn lokast að norðan, á milli Engeyjar og Akureyjar á seinni hluta skipulagstímabilsins verður til hringtengd stofnbraut um nýja hafnarsvæðið. Þessari höfn er ætlað að taka við nýrri hafnsækinni starfsemi höfuðborgarsvæðis á 21. öld og leysa jafnframt af hólmi hafnarsvæði við strendur Engeyjarsunds og Kleppsvíkur á fyrri helmingi aldarinnar.

5.1 Tillaga til 2040

Árið 2040 er reiknað með 270 þús. íbúum á svæðinu, 135 þús. á nesinu (50%, nú 67 þ. eða 41%) og 135 þús. austan Elliðaána. Náðst hefur jafnvægi á milli búsetu og starfa á öllum 4 svæðum byggðarinnar, þó þannig að á nesinu er um 10% umframframboð starfa vegna stjórnsýsluhlutverks þess svæðis.

Landþörf 2000-2040, samtals 1.865ha, er leyst þannig:

Endurnýtt svæði innan byggðar	amk. 300ha
Bætt nýting á sveitarfélagamörkum	amk. 300ha
Landfyllingar	amk. 440ha
Ósnortið land*	allt að 825ha

Landþörf 2020-2040, samtals 747ha, er leyst þannig:

Endurnýtt svæði innan byggðar	amk. 150ha
Bætt nýting á sveitarfélagamörkum	amk. 150ha
Landfyllingar	amk. 195ha
Ósnortið land*	allt að 252ha

Gert er ráð fyrir eftirfarandi stofnbrautum 2000-2040:

- Fossvogsbraut í göngum – Hlíðarfótur – Ægissíða (í göngum að hluta)
- Álftanessbraut (lyftubrú eða botngöng) að Suðurgötu
- Öskjuhlíðartenging frá Bústaðavegi að Suðurgötu
- endurbætur á Miklubraut og Hringbraut
- Sæbraut að Akurey (2x3 akreinar)
- þverun Kleppsvíkur (1. áf. Sundabrautar)
- tenging yfir Fossvog að Kópavogshöfn og Bessastaðanesi

Nesið: Helstu byggðarsvæði nessesins eru í Vatnsmýri (20 þúsund íbúar, 8 þúsund störf), í Akurey (30 þúsund íbúar, 14.500 störf), við Sæbraut (8 þúsund íbúar, 2 þúsund störf) og á þéttingarsvæðum (Höfnin-iðnaðarsvæðin: 10.100 íbúar, 3.600 störf).

Norður-svæðið: Reiknað er með 7.400 nýjum íbúum og 10.500 nýjum störfum. Gert er ráð fyrir að ekki verði byggt á svæðum utan núverandi endimarka byggðarinnar en skipulag sem ekki er komið til framkvæmda verði endurunnið með þéttingu byggðarinnar og bætta nýtingu lands að markmiði. Byggð á Álfsnesi kæmi til framkvæmda í lok tímabilsins (2030-2040).

* Innifalið í tölum yfir landþörf á ósnortnu landi eru þegar skipulögð eða "frátekin" svæði þar sem skipulag er ekki enn komið til framkvæmda.

Austur-svæðið: Tillagan gerir ráð fyrir 11.200 nýjum íbúum og 11.200 nýjum störfum á tímabilinu og að svæðið verði þannig fullnýtt, því þar eru takmarkandi aðstæður á allar hliðar, heiðarlönd og vatnasvæði í meira en 100m hæð yfir sjó og ýmiss náttúruverndarsvæði, vatnsverndarsvæði og fólkvangurinn í Heiðmörk. Reyndar er ýmislegt sem mælir með því að þetta svæði fái sérstakt hlutverk og byggðarþróun verði minni en hér er sýnt.

Suður-svæðið: Á tímabilinu bætast við um 19.100 íbúar og 14.700 störf. Tillagan gerir ráð fyrir að mest öll uppbygging á tímabilinu eigi sér stað innan núverandi endimarka byggðarinnar með þéttingu byggðar almennt, með verulegri þéttingu í öllum miðbæjum á svæðinu, betri nýtingu lands á mörkum sveitarfélaga og ekki síst með endurskoðun þess deiliskipulags, sem ekki er enn komið til framkvæmda.

Tillagan gerir ráð fyrir því að eftir 2040 verð mjög afgerandi byggðarþróun til norðurs en þó einkum til suðurs. Þá verður núverandi suðursvæði ásamt nesinu eðlilegur hluti af miðkjarna framtíðarborgarinnar

5.2 Tillaga til 2020

Árið 2020 er reiknað með 220 þús. íbúum á svæðinu, 100 þús. á nesinu (45%, nú búa þar 67 þ. eða 41%) og 120 þús. austan Elliðaáa. Náðst hefur verulegur árangur í því að skapa jafnvægi milli búsetu og starfa á öllum undirsvæðunum.

Landþörf 2000-2020, samtals 1.118ha, er leyst þannig:

Endurnýtt svæði innan byggðar	amk. 150ha
Bætt nýting á sveitarfélagamörkum	amk. 150ha
Landfyllingar	amk. 245ha
Ósnortið land*	allt að 573ha

Nesið: Helstu byggðarsvæði nessesins eru í Vatnsmýri (10 þúsund íbúar, 4 þúsund störf), í Akurey (15 þúsund íbúar, 9.500 störf), við Sæbraut (4 þúsund íbúar, 1 þúsund störf) og á þéttingarsvæðum (Höfnin-iðnaðarsvæðin: 4.100 íbúar, 2.600 störf).

Norður-svæðið: Reiknað er með 4.400 nýjum íbúum og 4.100 nýjum störfum. Gert er ráð fyrir að ekki verði byggt á svæðum utan núverandi endimarka byggðarinnar en skipulag sem ekki er komið til framkvæmda verði endurunnið með þéttingu byggðarinnar og bættu nýtingu lands að markmiði.

Austur-svæðið: Tillagan gerir ráð fyrir 7.200 nýjum íbúum og 5.400 nýjum störfum á tímabilinu. Svæðið er umgirt á allar hliðar af heiðarlöndum og vatnasvæðum í meira en 100m hæð yfir sjó og ýmiss náttúruverndarsvæði og fólkvangurinn í Heiðmörk liggja að því.

Suður-svæðið: Á tímabilinu bætast við um 11.100 íbúar og 7.700 störf. Tillagan gerir ráð fyrir að mest öll uppbygging á tímabilinu eigi sér stað innan núverandi endimarka byggðarinnar með þéttingu byggðar almennt, með verulegri þéttingu í öllum miðbæjum á svæðinu, betri nýtingu lands á mörkum sveitarfélaga og ekki síst með endurskoðun þess deiliskipulags, sem ekki er enn komið til framkvæmda.

6. Framtíðarsýn

Tillagan gerir ráð fyrir því að eftir 2040 verð mjög afgerandi byggðarþróun til norðurs en þó einkum til suðurs. Þá verði núverandi suðursvæði ásamt nesinu eðlilegur hluti af virkum miðkjarna framtíðarborgarinnar með öflugum vegtengingum innbyrðis og til allra átta.

7. Skýringar

7.0 Þéttleiki, þétting, skilvirkni og gæði byggðar

7.1 Sjálfbær þróun byggðar

7.2 Blöndun byggðar og athafna

7.0 Þéttleiki byggðar:

Þéttleiki byggðar er ein af helstu kennistærðum í skipulagi. Hún segir til um fjölda íbúa á hverri flatareiningu lands. Þéttleiki segir nokkuð til um grunneðli borgar, lífsskilyrði íbúanna, möguleika þeirra til samskipta, iðkunar atvinnu, menningar, útivistar og annarra athafna. Þéttleiki byggðar gefur vísbendingu um umhverfisleg gæði í hinu opinbera rými. Hann segir mikið um skilvirkni borgar sem efnahagsheildar.

Almennt er viðurkennt að lágmarkspéttleiki byggðar sé um 50 íbúar á hektara eigi hún að standa undir almenningssamgöngum. Borgir með mjög lága þéttleikatölu er einkum að finna í Bandaríkjunum og Ástralíu. Þær eru að verulegu leiti sniðnar að þörfum einkabílsins og þar líkt og hér er félagslegt og menningarlegt hlutverk hins opinbera rýmis að mestu gleymt og flestir íbúarnir skynja borgina út um bílrúðuna. Sumstaðar eru almenningssamgöngur vart boðlegar og aðstaða gangandi slæm. En þessar þunnbyggðu borgir hafa það fram yfir Reykjavík að búa við einföld og afkastamikil kerfi fyrir akandi umferð. Þéttleiki Evrópskra borga er að jafnaði um þrefalt meiri en í Reykjavík.

Þéttleiki höfuðborgarsvæðisins er kominn langt niður fyrir lífsmark venjulegs þéttbýlis og óskilvirknin er mikil. Ef ekkert afgerandi verður aðhafst í skipulagsmálum á svæðinu sem fyrst er úti um allar vonir Íslendinga um að eignast á næstu áratugum menningarlega höfuðborg. Þess í stað verður til af sjálfu sér dreifð og víðáttumikil línubýggð fyrir einkabíla

þar sem skurðpunktar mannlegra samskipta verða einkum á bílastæðum og í verslanamiðstöðvum.

7.1 Sjálfbær þróun byggðar:

Í 5 þúsund ára sögu þéttbýlis hefur maðurinn nærri alltaf leitast við að skipuleggja borgirnar með þægindi og hagkvæmni fyrir heildina og einstaklingana að leiðarljósi. Þetta er í hnotskurn sjálfbær þróun byggðar en helstu einkennin eru lágmarks sóun lands og orku, góðar (almennings-) samgöngur og nálægð búsetu, þjónustu og atvinnu, þar sem mestöll mannleg samskipti hins daglega lífs eiga sér eðlilegan stað innan göngufjarlægðar hvers og eins.

Samtímis miklum fólksflutningum til borganna eftir síðari heimsstyrjöldina nutu nýjar kenningar um borgarskipulag hylli meðal ráðamanna víða um heim. Þær miðuðu m.a. að því að gera veg einkabílsins sem mestan og aðgreina ólíka starfsemi innan byggðarinnar (*Zoning*). Hvort tveggja hefur leitt til mikills vanda margra miðborga og útpynningar byggðar (*Urban Sprawl*).

Menningarleg, umhverfisleg og efnahagsleg rök hníga að því að snúa þessari þróun við. Á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Rio de Janeiro 1992 samþykktu þjóðirnar **Staðardagskrá 21**, sem er aðgerðaráætlun til alhliða úrbóta í umhverfismálum á 21. öldinni, einkum í borgunum.

7.2 Blönduð byggð:

Blönduð landnotkun er veigamikill þáttur í sjálfbærri byggðarþróun. Í blandaðri byggð er hæfileg nálægð milli búsetu, atvinnu og fjölbreytilegrar starfsemi. Í nútíma skipulagi þarf að vanda vel til skipulags og hönnunar mannvirkja svo draga megi fram kosti blandaðrar byggðar, sem felast m.a. í víðtækri samnýtingu lands og gæða.

Við upphaf iðnbyltingarinnar fyrir rösnum 2 öldum tók að bera á aðskilnaði búsetu frá atvinnustarfsemi í upprennandi iðnaðarborgunum í Englandi og víðar. Hin nýja stóriðja þess tíma var verulega óþrifaleg og mengandi og auk þess þurfti að finna hagkvæma leið til að hýsa nýju iðnverkamennina og fjölskyldur þeirra, sem flyktust úr sveitum í borgir.

Margar borgir einkenndust brátt af aðgreindum verksmiðjuhverfum, verkamannahverfum, hverfum aðals og auðmanna og síðan miðborgunum og millistéttarhverfum kaupmanna og iðnaðarmanna, sem áfram voru blönduð.

8. Heimildir

Cities and Automobile Dependence
Towards an Urban Renaissance
Flugvallaskýrsla I

Newmann / Kenworthy	1991
Urban Task Force/Lord Rogers	1999
B. Hellman	1963

Flugvallaskýrsla II	B. Hellman	1965
Flugvallaskýrsla	J. C. Buckley	1963
Greinargerð Samtaka um betri byggð	Starfshópur samtakanna	1999
City Sense and City Design	Kevin Lynch	1962
The Image of the City	Kevin Lynch	1964
Rational Architecture, The Reconstruction of the European city, ritgerðasafn	Krier, Delevoy, Scolari o.fl.	1978
The Death and Life of Great American Cities	Jane Jacobs	1961
Cities and the Wealth of Nations	Jane Jacobs	1964
Bæirnir byggjast	Páll Línal	1982
Aðalskipulag Reykjavíkur 1984-2004		
Aðalskipulag Reykjavíkur 1996-2016		
Aðalskipulag Kópavogs 1992-2012		
Aðalskipulag Mosfellsbæjar 1992-2012		
Aðalskipulag Garðabæjar 1995-2015		
Aðalskipulag Hafnarfjarðar 1995-2015		
Aðalskipulag Seltjarnarness		
Aðalskipulag Bessastaðahrepps 1993-2013		
Gagnlegar heimasíður: <i>European Council of Town Planners</i>	http://www.ceu-ectp.org	
<i>Web Center for Global Urban Development</i>	http://www.bway.net/~urbandev/	

9. Fyrirvarar

Samvinnunefnd um svæðisskipulag fyrir höfuðborgarsvæðið birti í ágúst 1999 “Drög að tillögum” og “Kjörtillögur” í október 1999. Þrátt fyrir ýmsa fyrirvara og athugasemdir Samtaka um betri byggð við ofangreindar tillögur, t.d. skiptingu í svæði, markmið, ýmsar forsendur og sjálfa skipulagsvalkostina sem kynntir voru, þykir þykir höfundum þessarar tillögu rétt að miða við nokkrar grunnforsendur um fólksfjölgun og svæðaskiptingu (*Nesið, Norður-, Austur- og Suðursvæði*) til að tryggja að hún sé í meginatriðum samanburðarhæf við tillögur samvinnunefndarinnar.

Við samanburð við tillögur samvinnunefndarinnar ber að hafa eftirfarandi í huga:

